

Fréttir af þróunarverkefninu okkar, lýðræði í leik og námi barna.

Í september 2012 hófst þróunarverkefni hér í leikskólanum Dal sem ber yfirskriftina *Leikum, lærum og lifum - Lýðræði í leik barna*. Þetta verkefni er unnið í samstarfið við Rannung. Markmið verkefnisins er að efla lýðræðisleg vinnubrögð í skólastarfi samkvæmt nýrri aðalnámskrá leikskóla.

Verkefni tekur mið af því að auka lýðræði í öllu skólastarfi. Lýðræði í skólum felst í því að barn sé og verði virkur þátttakandi í samfélagi. Það að vera virkur þátttakandi í samfélagi krefst ákveðinna hæfileika eins og t.d. að gera sett sig í spor annarra og bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum í kringum sig, læra að tjá sig og hlusta á aðra.

Í haust hefur starfsfólk Rauðu lindar fengið fræðslu um lýðræði og jafnframt verið að lesa bækur, greinar og fleira tengt lýðræði. Helsta verkefnið okkar er: Hvernig skilgreinum við lýðræði og hvernig er hægt að kenna lýðræði í skólastarfi. Hafa skapast miklar vangaveltur um þetta málefni enda er af nóg að taka. Fundað er 1–2 í mánuði með meistaranema frá HÍ sem er jafnframt tengiliður frá Rannung.

Fyrirlestrar og námskeið:

2.nóvember 2012

Ráðstefna Kópavogs- það er leikur að læra. Hvernig er hægt að vinna með elstu börn leikskólans út frá grunnþáttum menntunar í sameiginlega hluta aðalnámskrár. Á þessa ráðstefnu fóru 8 starfsmenn á Gulu og Rauðu lind.

6.nóvember 2012

Námsumhverfið- hvernig getur efnislegt umhverfi stutt við leik barna, samskipti þeirra og sjálfræði. Margrét deildarstjóri fór á þennan fyrirlestur.

19.nóvember 2012 - skipulagsdagur

Lýðræði – Sesselja Hauksdóttir leikskólafulltrúi Kópavogs. Allir starfsmenn Dals hlýddu á þennan fyrirlestur.

3.desember 2012

Leikurinn – Guðrún Bjarnadóttir lektor. Allt starfsfólk Rauðu lindar fór á þennan fyrirlestur.

Sonja M. Halldórsdóttir